

Þróun og hegðun farþegaskipaferðamanna

Tillögur að nemendaverkefnum

Eftirfarandi tillögur að nemendaverkefnum væri hægt að vinna í samvinnu Landhelgisgæsluna, en einnig í samstarfi við AECO og Cruise Iceland til að tryggja aðgengi að farþegum um borð í skemmtiferðaskipum með stutta spurningalista.

Verkefnið

Verkefnið varðar öryggisskynjun og hegðun farþega sem ferðast með skemmtiferðaskipum, könnuðarskipum (e. *expedition cruises*) og minni bátum, s.s. seglskútum við Íslandsstrendur, á því svæði sem fellur að stýringarsvæði Arctic Coast Guard Forum (sjá neðar). Kenningin er að farþegar geri sér ekki grein fyrir þeim takmörkunum sem björgun á norðurlóðum er háð og hvaða hættu þeir eru mögulega að setja sig vegna takmarkaðra innviða til björgunar. Skýr tengsl við WP5 í ARCPATH um governing complex systems.

Rannsóknarspurningar sem LHG hefur áhuga á að fá svarað eru t.d.:

- Hvaðan koma farþegar skemmtiferðaskipa á norðurlóðum?
- Hverju sækist fólk eftir þegar það fer í siglingu um norðurlóðir?
- Hvaða væntingar hefur fólk til ferðarinnar?
- Hversu vel upplýst um öryggi sitt eru farþegar?
- Hversu vel þekkja þeir öryggisatriði um borð?
- Hvaða væntingar hafa farþegar til björgunaraðila ef til neyðaratviks kæmi?
- Hversu vel þekkja þeir innviði þeirra staða sem þeir heimsækja?
- Hvaða leiðir sigla skipin og í hvaða höfnum hafa þau viðveru?

Einstök nemendaverkefni

1. Könnun meðal farþega um borð í skipum og úrvinnsla hennar.
 - a. Spurt væri sérstaklega auk bakgrunnsbreyta um þjóðerni farþega, væntingar til ferðar og skilningur og skynjun og þekkingu á öryggi og björgunargetu. Svör væru greind eftir bakgrunnsbreytum og ólíkum tegundum skipa og sett í samhengi við ferðaáætlanir.
2. Viðtalsrannsókn meðal farþega í höfnum um eftir hverju það er að sækjast þegar komið er á norðurlóðir.
 - a. Spurt væri sérstaklega um væntingar um upplifun og helstu áherslur í því sem þarf að sjá. Áhersla væri einnig á að skilja hvernig mat gestir leggja á innviði og stig þjónustuuppbyggingar.
3. Viðtalsrannsókn meðal farþega í höfnum um öryggi á norðurlóðum og björgunargetu.
 - a. Spurt væri um skynjun fólks á uppbyggingu innviða, öryggi um borð, öryggisupplýsingar, æfingar og skynjaða björgunargetu.
4. Greining á siglingarleiðum og viðkomuhöfnum út frá skipaupplýsingum, þegar unnið af RMF til og með sumar 2014.
 - a. Tölfræðigreining og töflugerð út frá gögnum hafnasstjóra. Framsetning ferðaleiða og leiðir til að samkeyra ólíkar leiðir greindar. Grafískt hönnunarverkefni
 - b. ATH gögn úr grunni Safe Sea Net á vegum stjórnstöðvar, gögn frá 2006

- c. Smalinn, sem skráir pantanir
5. Það þarf að uppfæra til dagsins í dag greiningu C. Frent á útköllum LHG, til að átta sig á þróun og áhrifum ferðapjónustu/ferðamennsku þar á og sjá hlutdeild íslenskra ferðalanga.

Tímalína

1. Ræða drög að verkefnum og rannsóknarspurningum með því markmiði að kennarar og leiðbeinendum geti sett nemendum sínum/rannsakendum fyrir verkefni næsta skólaár, þ.e. 2017/2018.
2. Úrvinnsla rannsókna yrði svo 2018/2019 en Landhelgisgæsla Íslands tekur við formennsku í Arctic Coast Guard Forum í mars 2019. ACGF eru samtök strandgæsla norðurslóðaríkjanna átta, systursamtök Norðurskautsráðsins, og mjög góður vettvangur til að kynna nýjustu rannsóknir fyrir nágrannaríkjum og öðrum hagsmunaaðilum.
3. Ráðstefna þar sem niðurstöður yrðu kynntar myndi vera haldin í tengslum við formennsku í Arctic Coast Guard Forum í mars 2019.